

ERINDISBRÉF FYRIR ÖLDUNGARÁÐ EYJAFJARÐARSVEITAR

Stjórnskipuleg staða

Öldungaráð heyrir undir sveitarstjórn. Öldungaráð er sveitarstjórn, samráðshópum um málefni aldraðra og heilsueflandi samfélags í sveitarfélaginu til ráðgjafar um málefni og hagsmuni eldra fólks í sveitarfélaginu.

Skipan öldungaráðs byggir á 6. gr. laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra, með síðari breytingum og 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Skipan ráðsins

Öldungaráð er skipað sjö fulltrúum og jafn mörgum til vara.

Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa og jafn marga til vara og er kjörtímabil hið sama og sveitarstjórnar skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar. Sveitarstjórn kýs ráðinu formann og varaformann en ráðið kýs sér ritara á fyrsta fundi sínum.

Félag eldri borgara í sveitarfélaginu skal tilnefna þrjá fulltrúa og þrjá til vara.

Einn fulltrúi og annar til vara er tilnefndur af Heilbrigðisstofnun Norðurlands og skulu þeir fulltrúar hafa þekkingu á öldrunarþjónustu.

Formaður öldungaráðs boðar til fyrsta fundar að loknum kosningum og skal hann haldinn eigi síðar en 1. september.

Þeir sem skipa í ráðið skulu hver um sig gæta kynjajafnréttis.

Auk kjörinna fulltrúa eiga sveitarstjóri og skrifstofustjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá er heimilt að kalla til á fundi ráðsins sérhvern þann er tengist málum sem fjallað er um hverju sinni. Starfsmönnum sveitarfélagsins er skylt að sitja fundi ráðsins sé þess óskað.

Hlutverk öldungaráðs

Á vettvanginum fer fram samráð um almenna stefnumótun í þjónustu við eldra fólk og þróun innan sveitarfélagsins sem og áætlanagerð sveitarfélagsins í málum sem varða eldri íbúa þess.

- Öldungaráð fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála skv. lögum nr. 125/1999 um málefni aldraðra og lögum nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga.
- Öldungaráð skal vera sveitarstjórn, nefndum og öðrum ráðum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni og hagsmuni eldri íbúa.

- Öldungaráð er vettvangur samráðs eldri íbúa, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og yfirvalda sveitarfélagsins og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins.
- Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málaflokknum og stuðlar, í samstarfi við skrifstofu sveitarfélagsins, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu við eldri íbúa.
- Öldungaráð fær til umsagnar málefni sem varða stefnumótun og þjónustu við eldri íbúa og einnig eftir atvikum önnur málefni til að draga úr aðgreiningu íbúa á grundvelli aldurs.
- Öldungaráð getur komið með tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag þjónustu við eldra fólk, þ.m.t. skipulag hennar. Öldungaráð getur jafnframt sent erindi til yfirstjórnar Heilbrigðisstofnunar Norðurlands um fyrirkomulag þjónustunnar, þ.m.t. skipulag hennar.

Auk þess sem að framan greinir sinnir ráðið öðrum verkefnum sem undir ráðið heyrir því sem lög og reglugerðir kveða á um og sveitarstjórn felur því. Meginhlutverk ráðsins er þátttaka í stefnumótun.

Ráðið er ekki framkvæmdaaðili, og fer ekki með málefni einstaklinga eða með starfsmannamál.

Sé ráðinu ekki falið að taka fullnaðarákvörðun um mál, skv. lögum eða erindisbréfi þessu, teljast ályktanir þess tillögur til sveitarstjórnar, þótt þær séu orðaðar sem ákvarðanir eða samþykktir ráðsins.

Starfshættir

Um starfshætti nefnda og ráða er sérstaklega fjallað í V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Ráðið kemur saman fyrir luktum dyrum að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári. Ráðinu er heimilt að opna fundi sína eða ákveðin erindi á þeim, komi fram ósk um slíkt, svo fremi sem lög eða eðli máls hamli því ekki.

Um fundi ráðsins, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt. Ráðið skal halda gerðabók.

Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða sveitarstjórnar, sbr. ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar.

Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram til kynningar hjá sveitarstjórn eða eftir því sem við á í nefndum sveitarfélagsins.

Formaður sér um boðun funda í samráði við sveitarstjóra. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka

á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund.

Formaður stýrir fundum ráðsins skv. ákvæðum V. kafla samþykktar um stjórn Eyjafjarðarsveitar.

Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar í ráðinu skulu snúa sér til sveitarstjóra eða sveitarstjórnar til að fylgja eftir óskum og samþykktum þess.

Réttindi og skyldur fulltrúa

Um réttindi og skyldur fulltrúa í ráðinu gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykkt um stjórn Eyjafjarðarsveitar, eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann sjálfur boða staðgengil sinn og láta formann ráðsins vita um forföll með góðum fyrirvara ásamt skrifstofu sveitarfélagsins.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli sem samræmist hlutverki ráðsins á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns að minnsta kosti fjórum sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu hafa hag sveitarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í ráðinu en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum ráðsins.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir ráðið og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls, lögum eða samþykkt 2/3 fulltrúa, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans, nánustu venslamenn, félag eða félagasamtök, önnur en félag eldri borgara, sem hann starfar formlega fyrir svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið fylgja þeim lögum og reglugerðum sem snerta starfssvið þess. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Eyjafjarðarsveitar eins og hún er hverju sinni og kynna sér ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. september 2023